

Fimmtudaginn 26. október 1995.

Nr. 204/1995.

Vátryggingafélag Íslands hf.

(Ingvar Sveinbjörnsson hrl.)

gegn

Guðmundi Rúnari Alfonssyni

(Jón Steinar Gunnlaugsson hrl.)

og gagnsök

Lögmannspóknun.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Haraldur Henrysson, Garðar Gíslason, Guðrún Erlendsdóttir, Hjörtur Torfason og Pétur Kr. Hafstein.

Aðaláfrýjandi skaut málinu til Hæstaréttar með stefnu 14. júní 1995 að fengnu áfrýjunarleyfi sama dag samkvæmt 4. mgr. 152. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála, sbr. 6. gr. laga nr. 38/1994. Krefst hann aðallega sýknu af kröfum gagnáfrýjanda og málskostnaðar sér til handa í héraði og fyrir Hæstarétti. Til vara krefst hann lækkunar á kröfufjárhæðum, og verði málskostnaður fyrir báðum dómstigum þá felldur niður.

Gagnáfrýjandi áfrýjaði með stefnu 16. júní 1995, og krefst hann þess aðallega, að aðaláfrýjandi verði dæmdur til að greiða sér 48.845 krónur, til vara 30.390 krónur og til þrautavara 29.163 krónur. Í öllum tilvikum er krafist dráttarvaxta samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá 31. mars 1995 til greiðsludags og málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Í héraðsdómi er gerð grein fyrir því, hvernig háttað var greiðslu lögmannspóknunar af hálfu vátryggingarfélaga við bótauppgjör fyrir gildistöku skaðabótalaga nr. 50/1993. Ekki þykja efni til að byggja á því, svo sem aðaláfrýjandi gerir í greinargerð sinni fyrir Hæstarétti, að eftir gildistöku laganna sé bótakrefjendum almennt ekki þörf á sérfræðilegri aðstoð til að gæta hagsmuna sinna við bótauppgjör. Staðfesta ber það mat héraðsdómara, að við ákvörðun þóknunar lögmanns gagnáfrýjanda beri í meginatriðum að miða við sömu sjónarmið og áður við uppgjör einfaldra bótamála. Þykir því mega staðfesta hinn áfrýjaða dóm með skírskotun til forsendna hans.

Rétt þykir, að málskostnaður fyrir Hæstarétti falli niður.

D ó m s o r ð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Málskostnaður fyrir Hæstarétti fellur niður.

Dómur Héraðsdóms Reykjavíkur 16. maí 1995.

I.

Mál þetta, sem dómtekið var 4. þ. m., er höfðað með stefnu, þingfestri II. apríl 1995.

Stefnandi er Guðmundur Rúnar Alfónsson, kt. 120168-5179, með lögheimili í Danmörku.

Stefndi er Vátryggingafélag Íslands hf., kt. 690689-2009, Ármúla 3, Reykjavík.

Stefnt er til heimtu bóta vegna lögmanskostnaðar og þær dómkröfur gerðar aðallega, að stefndi verði dæmdur til greiðslu 48.845 kr. með dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 með síðari breytingum af þeirri fjárhæð frá 31. mars 1995 til greiðsludags. Til vara er krafist greiðslu 30.390 kr. og til þrautavara 29.163 kr. ásamt vöxtum í báðum tilvikum, eins og í aðalkröfu greinir. Þess er krafist, að dæmt verði, að dráttarvexti skuli leggja við höfuðstól á tólf mánaða fresti, í fyrsta sinn 31. mars 1996. Þá er krafist málskostnaðar að skaðlausu ásamt virðisaukaskatti.

Af hálfu stefnda er aðallega krafist sýknu af öllum kröfum stefnanda og að stefnda verði tildæmdur málskostnaður úr hendi hans að mati réttarins, en til vara, að stefnukröfur verði lækkaðar verulega og málskostnaður felldur niður.

II.

Stefnandi leitaði árið 1993 eftir aðstoð lögmannsstofu Jóns Steinars Gunnlaugssonar hrl. til að gæta hagsmuna sinna og semja um bætur sér til handa vegna líkamstjóns, sem hann varð fyrir í umferðarslysi 25. ágúst 1993. Af hálfu lögmannsstofunnar var staðið að málinu með hefðbundnum hætti, aflað lögregluskýrslu og læknisvottorðs og stefnandi við svo búið sendur í örorkumat til læknis og að því mati fengnu samin kröfugerð á hendur stefnda. Um bótarétt stefnanda fór eftir skaðabótalögum nr. 50/1993, sem gildi tóku 1. júlí 1993. Náðust samningar við stefnda um annað en greiðslu stefnda á lögmanskostnaði, og voru stefnanda greiddar bætur 31. mars sl., að fjárhæð 638.091 kr., að meðtöldum vöxtum frá tjónsdegi auk útlagðs kostnaðar, samtals að fjárhæð 57.600 kr. Stefnandi krafðist 64.233 kr.

í þóknun vegna lögmannsaðstoðar auk virðisaukaskatts samkvæmt reikningi lögmanns síns, en stefndi taldi hæfilega þóknun vera 25.000 kr. Tók lögmaður stefnanda við 25.000 kr. auk virðisaukaskatts sem „innheimtuþóknun lögfræðings“ samkvæmt tjónskvittun með fyrirvara vegna „ófullnægjandi greiðslu á lögmannsþóknun“.

III.

Stefnandi styður kröfugerð sína gjaldskrá lögmannsstofu Jóns Steinars Gunnlaugssonar hrl. frá 12. febrúar 1994, en sú gjaldskrá er reist á sama grunni og gjaldskrá Lögmannafélags Íslands, sem síðast var gefin út 1. júlí 1992. Um grundvöll umræddrar gjaldskrár lögmannsstofunnar vísar stefnandi til 2. mgr. 2. gr. laga nr. 61/1942 um málflytjendur, 10. gr. síðareglna Lögmannafélags Íslands og 31. gr. samkeppnislaga nr. 8/1993.

Stefnandi reisir aðalkröfu sína á mismun þeirrar fjárhæðar, sem hann greiddi lögmanni sínum samkvæmt reikningi, og þeirrar fjárhæðar, sem stefndi greiddi stefnanda vegna bótauppgjörins.

Varakrafa stefnanda tekur að sama skapi mið af 2. gr. gjaldskrárinnar, þó þannig, að ekki er gerð krafa um 30% álag, sbr. 5. mgr. 2. gr. gjaldskrárinnar.

Þrautavarakrafa stefnanda miðast einnig við 2. gr. gjaldskrárinnar, þó þannig, að málskostnaður er reiknaður af höfuðstól án vaxta og ekki er gerð krafa um 30% álag, sbr. 5. mgr. 2. gr. gjaldskrárinnar.

Um vara- og þrautavarakröfu vísar stefnandi til þess, að hið stefnda félag hafi áratugum saman líkt og önnur váttryggingafélög í landinu ágreiningslaust gert lögmannskostnað tjónþola upp á grundvelli hinnar gömlu gjaldskrár Lögmannafélags Íslands. Þó hafi í einhverjum tilvikum risið ágreiningur um það, hvort reikna beri þóknun af vöxtum auk höfuðstóls, svo og, hvort bæta skuli við þóknunarlið svonefndu 30% álagi, sbr. 5. mgr. 2. gr. gjaldskrár lögmannsstofu Jóns Steinars Gunnlaugssonar hrl.

Af hálfu stefnda er á því byggt, að stefndi hafi fram að gildistöku skaðabótalaga nr. 50/1993 reiknað lögmannskostnað tjónþola á grundvelli gjaldskrár Lögmannafélags Íslands, þó þannig, að ekki hafi nema í undantekningartilvikum verið greidd þóknun af vöxtum af skaðabótamálum og 30% álag á þóknun, sbr. 4. gr. gjaldskrár Lögmannafélags Íslands og 5. mgr. 2. gr. lögmanns stefnanda. Með skaðabótalögum hafi orðið einföldun á uppgjöri líkamstjóns frá því, sem var, með því að bótafjárhæðir séu nú fastsettar samkvæmt ákveðnum reglum í lögnum og frádráttarliðum við uppgjör fækkað. Sé fyrirhöfn og vinna lögmanns tjónþola við samningsgerð og uppgjör bótanna að sama skapi minni og léttari. Eigi ekki lengur við að miða við hina gömlu hagsmunagjaldskrá Lögmannafélags Íslands eða sambæriri

legar gjaldskrár. Hafi stefndi því talið eðlilegt, að fyrir störf lögmans tjónþola við skaðabótauppgjör samkvæmt skaðabótalögum nr. 50/1993 sé greidd önnur og eftir atvikum lægri fjárhæð en fyrir bótauppgjör samkvæmt ólögfestum eldri reglum. Sé við ákvörðun þóknunar einkum litið til vinnuframlags í stað fjárhæðar bótanna. Hafi stefndi til viðmiðunar sett fram eigin gjaldskrá, studda þessu sjónarmiði.

Afstaða stefnda sé sú, að fyrir lögmansaðstoð við venjulegt bótauppgjör eins og í þessu máli sé hæfileg þóknun 25.000 kr., þegar litið sé til umfangs starfsins í þessu tilviki. Hafi aðstoð lögmans stefnanda verið fölgín í leiðbeiningu um bótarétt stefnanda, gagnaöflun um heilsufar hans, kröfugerð stefnda og viðtöku bóta. Hafi þetta starf aðeins tekið fáeinir klukkustundir. Telji stefndi, að meta verði fjárhæð þóknunar fyrir lögmansaðstoð við skaðabótauppgjör eftir umfangi verks hverju sinni.

Stefndi reisir sýknukröfu sína á því, að honum sé óskýlt að greiða stefnanda hærri lögmanskostnað, þegar framangreint er virt, enda sé stefndi óbundinn af einstökum gjaldskrám lögmanna tjónþola.

Stefndi reisir varakröfu sína á því, að í öllu falli ákveðist lögmansþóknun lægri en greinir í aðal- og varakröfu stefnanda.

Dráttarvöxtum er andmælt frá fyrri tíma en dómsuppsögudegi.

IV.

Samkvæmt 2. mgr. 2. gr. laga nr. 62/1941 um málflytjendur er héraðs-dóms- og hæstaréttarlögmanni rétt að áskilja sér hæfilegt endurgjald fyrir störf sín, þar á meðal hluta af fjárhæð máls. Starf lögmans stefnda fólst í ráðgjöf um bótarétt, öflun lögregluskýrslu og læknisvottorðs, beiðni um örorkumat, gagnaöflun um tekjur stefnanda, ritun kröfubréfs og móttöku bóta. Spurður af dómara við munnlegan málf lutning greindi lögmaður sá, er með mál þetta fór af hálfu stefnanda, frá því, að hann áætlaði, að í þessa vinnu hefðu farið um 5 - 10 klukkustundir.

Fyrir gildistöku skaðabótalaga nr. 50/1993 hafði mótast sú venja við bótauppgjör, að váttryggingafélögin reiknuðu út lögmanskostnað á grundvelli gjaldskrár Lögmannafélags Íslands, en þó þannig, að ekki var nema í undantekningartilvikum greidd þóknun af vöxtum eða 30% álag á þóknun. Með samkeppnislögum nr. 8/1993 var hin sameiginlega „lágmarksgjaldskrá“ Lögmannafélags Íslands numin úr gildi, og upp frá því settu lögmansstofur sér sínar eigin gjaldskrár, sem byggðar eru upp á sama hátt og síðasta gjaldskrá félagsins frá 1. júlí 1992.

Ágreiningur er með aðilum um, hvort vinna lögmanna tjónþola við bótauppgjör hafi minnkað við gildistöku skaðabótalaganna. Þykir eigi verða fullyrt, að svo sé að neinum verulegum mun, þegar litið er til ofangreinds

vinnuframlags lögmanns stefnanda og það borið saman við hefðbundna vinnu við tjónsuppgjör í tíð ólögfesta reglna skaðabótaréttar. Er það því mat dómsins, að sömu meginreglum sé beitt og áður við frágang tjónsuppgjörs.

Að öllu framangreindu virtu og þegar annars vegar er tekið tillit til þess verks, sem unnið var af lögmanni stefnanda, og hins vegar þeirra hagsmuna, sem í húfi voru, þykir bera að fallast á þrautavarakröfu stefnanda, enda verður að telja þá þóknun hæfilega samkvæmt 2. mgr. 2. gr. laga nr. 61/1942.

Miðað við kröfugrundvöll stefnanda þykir sýnt, að virðisaukaskattur sé innifalinn í kröfugerð hans. Af hálfu stefnda er vaxtakröfu stefnanda ekki mótmælt nema hvað upphafstíma varðar. Samkvæmt því ber að dæma stefnda til að greiða stefnanda 29.163 kr. ásamt dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá 31. mars 1995 til greiðsludags.

Með vísan til 1. mgr. 130. gr. laga nr. 91/1991 ber að dæma stefnda til greiðslu málskostnaðar, sem þykir hæfilega ákveðinn 30.000 kr., og hefur þá ekki verið tekið tillit til greiðslu virðisaukaskatts af málflutningsþóknun.

Dóminn kveður upp Helgi I. Jónsson héraðsdómari.

D ó m s o r ð:

Stefndi, Vátryggingafélag Íslands hf., greiði stefnanda, Guðmundi Rúnari Alfonssyni, 29.163 kr. ásamt dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá 31. mars 1995 til greiðsludags og 30.000 kr. í málskostnað.
